

Öryggi barna í bílum 2015

Niðurstöður

Kjartan Þórðarson
Samgöngustofa
Nóvember 2015




Inngangur

Samgöngustofa, Slysavarnafélagið Landsbjörg tryggingafélögin VÍS og Sjóvá lögðu fyrir könnun á öryggi barna í bílum í september á þessu ári. Könnunin var gerð við 60 leikskóla í 25 bæjarfélögum víða um land með 2.236 þátttakendum. Könnunin var gerð árlega frá árinu 1996 en annað hvert ár frá og með 2011 og var síðasta gerð 2013. Á fyrstu árum þessara kannana voru niðurstöður vægast sagt óásættanlegar. Þetta er nítjándi árið sem hún hefur verið gerð og sýnir að ástandið hefur batnað verulega. Við lítum þó svo á að það sé aldrei ásættanlegt að einhverjir noti ekki einfaldan og ódýran öryggisbúnað sem getur skilið á milli lífs og dauða.

Félagar í deildum Landsbjörgu víða um land, starfsfólk Samgöngustofu, starfsfólk tryggingarfélaganna Sjóvár, VÍS og og sáu um framkvæmdina á vettvangi.

1. Aðeins tvö af hverjum 100 börnum laus í bifreið

Ef teknar eru upplýsingar úr umferðarkönnunum Umferðarráðs og lögreglunnar frá árunum 1985 til 1995 og þeim bætt við niðurstöður kannana á öryggi barna í bílum við leikskóla má sjá þróunina frá 1985 til dagsins í dag. Árið 1985 voru um 80% barna alveg laus í bílum en í dag er sú tala komin niður í 2%. 1981 var öikumanni og farþega í framsætum skylt að nota belt og 1988 voru þeir sektaðir fyrir að vera ekki í beltum. 1990 náði skyldan yfir öll sæti bifreiðarinnar en það árið var lögleidd skyldunotkun sérstaks öryggis- og verndarbúnaður fyrir börn í bílum. Lágur tölur um laus börn í bílum frá árunum 1990 – 1995 má skýra með framkvæmd umferðarkannana en öikumenn gátu komið börnum í belt eða einhvern búnað áður en lögreglan framkvæmdi könnun. Fram til 1999 var ekki skráð sérstaklega þegar börn voru eingöngu í öryggisbeltum. Á myndinni táknar rautt laus börn í bíl, gult börn sem nota aðeins bílbelti (sem er ekki fullnægjandi búnaður) og grænt börn með viðeigandi öryggisbúnað.




2. Almennar niðurstöður

Myndin sýnir að tilfellum þar sem enginn búnaður er notaður hefur fækkað mikið, nánar tiltekið úr 32% árið 1997 í 2% í ár. Færri eru nú í ófullnægjandi búnaði þ.e. í engum eða aðeins með öryggisbeltin. 8,1% 2013 en 6,8% í ár. Því reyndust nú 93,2% barna vera í viðeigandi öryggisbúnaði í bíl á leið til leikskóla. Myndin sýnir hlutföll barna sem notuðu engan eða einhvern öryggisbúnað við komu í leikskóla frá 1996 til 2015.

Grænt: Notuðu viðeigandi öryggisbúnað.


Gult: Notuðu eingöngu bílbelti, sem er ekki fullnægjandi öryggisbúnaður fyrir aldurshópinn.

Rautt: Laus í bifreið án öryggisbúnaðar.



3. Leikskólar

Alls voru 10 leikskólar þar sem öll börn voru í viðeigandi búnaði. Við röðun á einstökum leikskólum kemur þetta í ljós:



Börn notuðu rétta öryggisbúnað, bílstól eða bílpúða


Börn notuðu eingöngu bílbelti, en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn.

Börn voru laus í bifreið, án öryggisbúnaðar

* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

3. Sveitarfélög á landinu

Þeir staðir sem eru til fyrirmyndar þetta árið eru á höfuðborgarsvæðinu, Kópavogur og Seltjarnarnes en af landsbyggðinni Hofsvós*. Á botninum hvíla Ólafsfjörður, Bolungavík og Búðardalur.



Börn notuðu réttan öryggisbúnað, bílstól eða bílpúða

Börn notuðu eingöngu bílbelti, en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn.

Börn voru laus í bifreið, án öryggisbúnaðar

* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

4. Hlutfall barna í viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði.

Hvernig er búið að öryggi barna í bílum í sveitarfélögum landsins? Þau bæjarfélög sem standa sig best eru til vinstri en þau sem standa sig verst til hægri. Hér er unnt að sjá hvernig sveitarfélögin standa sig milli ára 2013 og 2015. Mörg eru á góðri uppleið, önnur verma botninn.

2013

Yfir 95%	90%	85%	80%	Undir 80%
Ísafjörður	Garðabær	Vestmannaeyjar	Siglufjörður	Fáskrúðsfjörður
Vopnafjörður	Reykjavík	Sauðárkrókur	Ólafsfjörður*	Grindavík
Seyðisfjörður*	Seltjarnarnes	Akranes	Garður	
Dalvík	Keflavík	Bolungavík*		
Höfn í Hornafirði	Bessastaðahreppur			
Reyðarfjörður				
Kópavogur				


2015

Yfir 95%	90%	85%	80%	Undir 80%
Hofsós*	Vopnafjörður	Höfn í Hornafirði	Hellissandur	Bolungavík
Seltjarnarnes	Mosfellsbær	Seyðisfjörður*	Búðardalur	Ólafsfjörður
Kópavogur	Reykjavík	Akureyri		
Njarðvík	Garðabær	Hvolsvöllur		
Sauðárkrókur	Hafnarfjörður	Ólafsvík		
Keflavík	Grindavík	Patreksfjörður		
Fáskrúðsfjörður*	Akranes			
	Garður			

Þarna má sjá að nokkrir bæir hafa færst upp listann og þar hafa foreldrar og forráðamenn bætt aðbúnað barna í bílum en þau eru Seltjarnarnes, Kópavogur, Sauðárkrókur, Keflavík, Fáskrúðsfjörður*, Grindavík, Akranes og Garður. Önnur sveitarfélög hafa staðið í stað eða færst neðar á listann. Nokkur ný sveitarfélög eru á listanum sem hafa ekki tekið þátt áður eins og t.d. Mosfellsbær.


5. Samanburður milli landshluta

Ökumenn á höfuðborgarsvæði stóðu sig best 2013 í notkun öryggis- og verndarbúnaðar fyrir börnin og gera það enn en Vesturland kemur verst út nú.




6. Höfuðborgarsvæðið

Hér má sjá hvernig staðan var árið 2015 við leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Staðan er verst í Hafnarfirði og Garðabæ en best í Kópavogi.




7. Hverfi í Reykjavík

Hér má sjá hvernig staðan var við leikskóla í Reykjavík skipt eftir hverfum. Staðan er best í miðbænum og vesturbænum en verst í Árbænum, Kjalarnesi og Efra-Breiðholti.




8. Þróun í öryggis- og verndarbúnaði barna


Bílpúðar með bakstuðningi verða æ algengari og verða um leið fullkomnari og líkjast þá mjög bílstólum. Segja má að þessar gerðir öryggis- og verndarbúnaðar eru að renna saman, sérstakar festingar eru fyrir barnið meðan öryggisbelti bílsins er notað til að festa búnaðinn. Bílpúðar notaðir einir sér eru almennt á undanhaldi.



9. Aldur og öryggisbúnaður

Um 96% ungra barna 1-2ja ára eru í bílstólum eða bílpúða með baki en fá börn í þessum aldurshópi voru eingöngu á bílpúða eða í belt en sá búnaður er ekki viðeigandi fyrir svo ung börn heldur eldri börnin en 26% 5-6 ára barna eru í þeim búnaði.





10. Kynin og öryggisbúnaður barna

Algengara er að strákar séu ekki í fullnægjandi öryggisbúnaði en stúlkur. 7,6% stráka voru án búnaðar eða eingöngu með bílbelti á móti 7,0% stúlkna. Útkoman er nú betri og minni mismunur milli kynja en í 2013.


2015	Bílstóll - púði	Bílbelti	Enginn búnaður
Drengur	92,4%	4,7%	2,9%
Stúlka	93,0%	5,2%	1,8%

Um 57,5% ökumanna voru konur sem er hærra hlutfall en fjöldi þeirra í umferðinni almennt sem er um þriðjungur ökumanna. Ökumenn eru misjafnlega samviskusamir við að setja börnin í viðurkenndan búnað. Karlar virðast vera kærulausari en konur hvað þetta varðar eins og myndin sýnir. Hjá þeim eru 7,7% barna í ófullnægjandi búnaði (2013 voru það 10,6% en 11,4%, 14,5% og 16,7% árin þar á undan) svo að hér er greinileg jákvæð þróun í gangi. Hjá konum er sambærilegt hlutfall nú 7,0%. Þannig hefur dregið saman á milli kynja og staðan batnað mikið á þessum fimm árum.


2015	Bílstóll - púði	Bílbelti	Enginn búnaður
Karlar	92,3%	5,2%	2,5%
Konur	93,0%	4,6%	2,4%

11. Bílbeltanotkun ökumanna batnar

Notkun ökumanna á öryggisbeltum við komu að leikskólum var einnig könnuð og að þessu sinni voru 12,0% ökumanna án belta en 12,3% árið 2013. Þegar litið er á kynjamismun þá er 13,2% karla og 11,2% kvenna án öryggisbelta í ár. Þegar teknar eru saman tölur um öryggisbeltanotkun ökumanna undangengin ár kemur í ljós að notkunin hefur aukist hjá báðum kynjum. Myndin sýnir hversu stór hluti ökumanna var án öryggisbelta þegar komið var að leikskóla skipt eftir kyni ökumanna. Þróunin er í rétta átt – dregur stöðugt saman með kynjum og beltanotkun er betri.



Beltanotkun ökumanna er mismunandi eftir sveitarfélögum. Í Kópavogi og á Hofsósi* virðast svo til allir ökumenn í bílbeltum. Njarðvík og Akureyri koma þar á eftir. Þar sem sveitarfélög eru stjórnumerkt eru undir 20 ökumenn í könnun. Sveitarfélög sem skera sig úr með lökustu notkun bílbelta eru Ólafsfjörður, Bolungavík og Búðardalur en þessir staðir verma líka botninn hvað varðar öryggisbúnað barna í bílum.



Ökumenn í bílbelti


Ökumenn án bílbelta

* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

12. Beltanotkun ökumanna og búnaður barna þeirra


Fram kom að beltanotkun ökumanns hafði áhrif á það hvort barnið var í viðeigandi verndarbúnaði. Börn þeirra ökumanna sem notuðu ekki bílbelti voru laus í um 9,2% tilfella (8,6% árið 2013 og 9,7% árið þar á undan). Laus börn voru í 1,6% tilfella hjá þeim ökumönnum sem voru í bílbelti sem eru aðeins hærri hlutföll en 2013. Þetta er neikvæð þróun þótt lítil sé.

Myndin sýnir öryggis- og verndarbúnað barna eftir því hvort ökumaðurinn hafði beltíð spennt eða ekki við komu í leikskólann.



13. Bakvísandi barnabílstólar

Æskilegt er að bílstólar ungra barna sérstaklega undir þriggja ára séu bakvísandi þ.a. bak snýr í akstursstefnu. Ætla má að aukin notkun á bílpúðum með baki dragi úr notkun á bakvísandi stólum fyrir börn. 18% yngstu barnanna (undir þriggja ára) voru í bakvísandi bílstól sem er betri staða en 2013 sem var 15% og 11,7% í könnuninni 2010. 39% eins árs barna voru í bakvísandi bílstól sem er svipað og í síðustu könnun. Áróður um bakvísandi stöðu bílstóla virðist því vera að skila sér.



14. Öryggispúðar við framsæti (airbag)

Barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið nema púðinn hafi verið gerður óvirkur enda eru aftursætin alltaf öruggasti staðurinn í bílum fyrir börnin.

Í könnuninni kom í ljós að 11 börn voru í framsæti með virkan púða fyrir framan þar af voru fjögur í framvísandi bílstólum og aðeins eitt í bakvísandi stól. Hættan af öryggispúðanum fyrir barnið er talin mest í síðast talda tilvikinu.



Lokaorð

Tekið skal fram að í 71. gr. umferðarlaga segir m.a., *Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 135 sm á hæð.*”

Ennfremur segir þar. „*Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað*”.

Ökumaðurinn ber þannig fulla ábyrgð á að barnið noti verndarbúnað. Gert var ráð fyrir að heimilt væri að nota eingöngu öryggisbelti ef annar búnaður er ekki til staðar. Þessu var breytt með breytingu umferðarlaga í febrúar 2015, belt kemur ekki í stað viðeigandi öryggis- og verndarbúnaðar.

Ennfremur segir í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum:

“Ökumaður skal sjá til þess að barn yngra en þriggja ára sem ferðast í ökutæki noti viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum í samræmi við þyngd þess. Á sama hátt skal ökumaður sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn þriggja ára eða eldra, en lægra en 135 sm að hæð viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- eða verndarbúnað ætlaðan börnum. Í hóp bifreið er þó leyfilegt að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn þriggja ára eða eldri sem er til staðar í bifreiðinni

Yngstu börnin undir þriggja mega því ekki vera farþegar í bifreiðum án viðeigandi öryggis- og verndarbúnaðar. Þetta þýðir að notkun á öryggisbeltum einum og sér er ekki löglegur búnaður fyrir börn undir þriggja ára í öllum bifreiðum. Í hóp bifreiðum einum mega börn þriggja eða eldri vera í öryggisbeltum einum og sér.

Ökumaður sem sinnir ekki skyldum sínum um verndun barna í bíl sem hann ekur má búast við að verða sektaður um 15 þúsund krónur og að fá einn refsipunkt í ökuferilsskrá fyrir hvert barn sem er laust eða án viðeigandi öryggisbúnaðar í bílum.